



Reykjavík, 24. september 2015  
SFS2015090079  
86. fundur / fskj. 11.1  
HG/geb

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði varðandi innleiðingu nýrrar aðalnámskrár***

Á 84. fundi skóla- og frístundaráðs, dags. 9. september 2015, lagði áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði fram eftirfarandi fyrirspurn:

*Varðandi eftirlitsskyldu skóla- og frístundaráðs. Var skipaður sérstakur stýrihópur, starfshópur eða verkefnastjóri til að styðja við og fylgja eftir innleiðingu nýrrar aðalnámskrár sem á að vera lokið á þessu starfsári? Samkvæmt áætlun ráðuneytisins eiga grunnskólanemendur að ljúka námi í vor samkvæmt nýju námsmati og matskvarða, A-D. Er vitað hver staðan er varðandi innleiðingu nýrrar námskrár í einstökum hverfum eða grunnskólum borgarinnar?*

**Svar:**

Skrifstofa grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs fékk það verkefni að styðja við og fylgja eftir innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í grunnskólum borgarinnar. Álits var leitað hjá samráði skólastjóra grunnskólanna varðandi það hvernig best væri að styðja við innleiðinguna í grunnskólunum og dagskrá einstakra viðburða borin undir samráðið.

Haldin voru námskeið fyrir grunnskólakennara og stjórnendur. Í haustmiðjum sem haldnar voru í ágúst 2013 var boðið upp á námskeið fyrir grunnskólakennara um áherslur í einstökum námssviðum aðalnámskrárinnar og tengsl þeirra við grunnþætti menntunar, námsmat o.fl. Boðið var upp á námskeið í íslensku, erlendum tungumálum, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, stærðfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Í haustmiðjum í ágúst 2014 var boðið upp á námskeið sem tengdust innleiðingu aðalnámskrárinnar, t.d. um endurskoðun skólanámskrár, þróun kennsluhátta, grunnþætti menntunar o.fl. Í haustmiðjum sem haldnar voru í ágúst 2015 var áhersla á námskeið sem tengdust raungreinum og upplýsinga- og tæknimennt skv. nýrri aðalnámskrá en einnig voru